

## Fundargerð

27. fundar í Erfðanefnd landbúnaðarins  
Keldnaholti, 31. maí 2017 kl. 13:00 – 16:00

*Mættir:* Emma Eyþórsdóttir formaður (EE), Charlotta Oddsdóttir (CO), Trausti Baldursson (TB), Leo Alexander Guðmundsson (LAG), Sæmundur Sveinsson (SS), Þorvaldur Kristjánsson (ÞK) og Brynja Hrafnkelsdóttir (BH)

Auk þess sat fundinn Birna Kristín Baldursdóttir (BKB), og ritaði fundargerð.

EE setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Samþykkt dagskrár

Dagskrá var samþykkt án athugasemda.

### 2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 26. fundi var samþykkt.

### 3. Staða mála frá síðasta fundi (BKB/EE)

- Undirbúningur fyrir sýningu á Landbúnaðarsafni um Birkið og búsáhöldin. Gera veggspjöld og fá lánaða gripi sem smíðaðir hafa verið úr birki.
- Kannaði kostnað við að kaupa geymslutank fyrir genbanka, kostar um 3 millj. hjá frönsku fyrirtæki sem Nautastöðin verslar við, IMV technologies.
- Gerður hefur verið samningur milli Geitfjárræktarfélags Íslands og Nautastöðvar BÍ um sæðistöku úr geithöfrum. Til ráðstöfunar eru um 2. millj. árlega samkvæmt búvörusamningum.
- Verið að undirbúa sæðistöku og útflutning á sæði til Bandaríkjanna, kaupandi sæðis Wayne Myers kom í heimsókn í síðustu viku. Útflutningur á hrúta og hafrasæði hefur strandað á strangari kröfum um prófanir á smitsjúkdómum, má þar nefna berkla og blátungu. Vegna innflutnings til Bandaríkjanna þurfa hrútar og hafrar að vera í einangrun í fjóra mánuði áður en sæði er tekið og einn mánuð eftir sæðistöku. Þorsteinn Ólafsson dýralæknir og Guðmundur Jóhannesson hjá RML hafa verið að vinna í þessum málum með MAST.
- Haldinn fundur með stjórn Félags eigenda og ræktenda landnámsþænsna í maí. Þar var farið yfir ýmis mál m.a. vottunarferli og hefur stjórn félagsins birt lista yfir vottaða ræktendur. Stjórnin hefur miklar áhyggjur af blöndun við íslensku hæurnar.
- BKB var með kynningu á erfðalindasetri og erfðanefnd hjá Deild íslenska fjárhundsins í apríl.
- Auglýst í BBL eftir umsóknum um styrki, það bárust 7 umsóknir um styrki að upphæð kr. 4.470.000.
- Verið að vinna í enskri heimasíðu erfðanefndar.
- Umsagna nefndarinnar var óskað vegna innflutnings á hvítleggja rækju og mjöldrum.
- Áslaug Helgadóttir hættir í stjórn Nordgen og eru tilnefningar í stjórn og varastjórn Nordgen í farvegi hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

#### 4. Afgreiðsla styrkumsókna

Alls bárust nefndinni sjö umsóknir um styrk og voru fjórar samþykktar. Óskað var eftir nánari upplýsingum um eitt verkefni og var það sett í bið. Tveim umsóknum var hafnað.

Verkefni	Sótt um kr.	Styrkur kr.
Genbanki fyrir sæðingahrúta (BSSL)	1.000.000	400.000
Erfðabreytileiki evrópu- og rússalerkis	700.000	hafnað
Athugun á erfðaeefni forystufjár/mtt riðu	700.000	Í bið
Verndun sérkenna í íslensku fé með tilstuðlan sæðingastöðva	220.000	130.000*
DIF styrkur vegna ferðar á fund í Bandaríkjunum	450.000	hafnað
Ræktunar – og kynningarstarf ERL	700.000	410.000
Erfðamengi íslensku geitarinnar	700.000	700.000
<b>Samtals</b>	<b>4.470.000</b>	<b>1.640.000</b>

\*Árlegt framlag

75% af upphæð styrkja verður greitt strax en lokagreiðsla þegar lokaskýrslu hefur verið skilað. Lokagreiðsla fellur niður hafi lokaskýrsla ekki borist nefndinni tveim árum eftir áætluð verklok.

#### 5. Viðbrögð erfðanefndar vegna áætlana um aukið laxeldi

Rætt um áform um stórfellda aukningu á laxeldi víða um land. Áform um laxeldi eru enn vaxandi en ekki hefur verið óskað umsagnar erfðanefndar um þessi áform. Ástæða er til þess fyrir nefndina að fylgjast vel með þróuninni og mögulega hafa frumkvæði að viðbrögðum. LAG lagði til að sent yrði bréf til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis þar sem nefndin lýsi áhyggjum sínum af þróun laxeldismála. Auk þess að setja frétt á heimasíðu nefndarinnar og í Bændablaðið.

**Afgreiðsla:** LAG falið að gera drög að bréfi.

#### 6. Önnur mál

Rætt var um að halda málþing í nóvember um laxeldismál og athuga með að fá erlendan fyrirlesara.

**Afgreiðsla:** LAG falið að kanna möguleika á fá erlendan sérfræðing í laxeldismálum til að halda erindi á fyrirhuguðu málþingi.

Í starfshóp Nordgen um grænmeti, kartöflur, ávexti og krydd þarf að skipa fulltrúa.

**Afgreiðsla:** BKB var falið að ræða við Helga Jóhannesson garðyrkjuráðunaut hjá RML um að taka sæti í starfshópnum.

#### 7. Næsti fundur verði haldinn í lok október 2017